

**Nd.**

## **82. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

### **1. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Hver kaupstaður og hvert sýslufélag landsins er sérstakt skólahérað, nema önnur skipun sé á gerð. Tvö sýslufélög eða fleiri geta með samþykki fræðslumálastjóra gengið saman í eitt skólahérað, ef það er samþykkt af bæði sýslunefndum og skólanefndum sýslanna. Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumála í skólahéraði hverju undir umsjón fræðslumálastjórnar.

### **2. gr.**

24. gr. laganna orðist svo:

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Skipar fræðslumálastjóri formann nefndarinnar, en bæjarstjórn eða sýslunefnd 4 skólanefndarmenn, og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu, ef þess er óskað. Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum að taka við kjöri í skólanefnd. Þegar tvö eða þrjú skólahéruð ganga saman í eitt, skal hvort (hvert) þeirra kjósa tvo skólanefndarmenn, og er þá skólanefnd skipuð 7 mönnum, ef þrjú skólahéruð hafa sameinast.

Fræðslumálastjórn getur fyrirskipað, þar sem samgöngur eru erfiðar milli byggðarlaga innan skólahéraða, að sérstök skólanefnd sé fyrir hvert byggðarlag héraðsins.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits launamálanefndar.